

Ár 1996, miðvikudaginn 16. október, var í málinu nr. 5/1996 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

## ÚRSKURÐUR

Málavextir eru þeir að með bréfi 30. apríl 1996 kærir Sigurður Helgi Guðjónsson hrl., f.h. Báru Þórarinsdóttur, kt. 020734-3539, úrskurð Fasteignamats ríkisins frá 31. janúar 1996 um mat fasteignanna 01 01 og 01 05 að Faxafeni 10, Reykjavík.

Í bréfi kæranda segir m.a.:

“Bára krefst verulegrar lækkunar á mati eignarhlutanna frá því, sem í ofangreindum úrskurði greinir, vegna þess að hún telur að fasteignamatið sé allt of hátt og ekki sé tekið fullt tillit til þeirrar miklu skerðingar á nýtingarmöguleikum, sem leiðir af opi því, sem er á milli hæða í húsinu.”

Með bréfi, dags. 15. maí 1996, óskaði Yfirfasteignamatsnefnd eftir umsögn Reykjavíkurborgar um kærana. Í bréfi Borgarlögmansins í Reykjavík til nefndarinnar, dags. 3. júní 1996, segir:

“Fasteignamati ríkisins ber lögum samkvæmt að meta fasteignir til fasteignamats og hafa starfsmenn stofnunarinnar viðtæka reynslu á þessu sviði og kappkosta að samræmis sé gætt í matsstörfum. F.h. Reykjavíkurborgar er þess því krafist að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.”


Með bréfi, dags. 13. júní 1996, voru hagsmunaaðilar boðaðir til vettvangsgöngu 26. júní s.m. Af hálfu nefndarinnar mættu á vettvang Pétur Stefánsson, Guðmundur Magnússon, Agnar Gústafsson og Andrés Svanbjörnsson. Ekki var mætt af hálfu kæranda né Reykjavíkurborgar. Voru eignarhlutarnir skoðaðir með leyfi leigjenda. Með bréfi nefndarinnar, dags. 5. september sl., var kæranda gefinn frestur til 17. sama mánaðar til að skila frekari rökstuðningi við kærana. Svar barst ekki.


### Niðurstaða


Með hliðsjón af fyrirbyggjandi gögnum og upplýsingum sem Yfirfasteignamatsnefnd hefur aflað, telur nefndin ekki tilefni til lækkunar á fasteignamati framangreindra eignarhluta í Faxafeni 10. Samkvæmt því er hinn kærði úrskurður Fasteignamats ríkisins staðfestur.

## ÚRSKURÐARORÐ

Hinn kærði úrskurður Fasteignamats ríkisins á að vera óbreyttur.

  
Pétur Stefánsson

  
Guðmundur Magússon

  
Andrés Svanbjörnsson